

MINNISBLAÐ UM UPPBYGGINGU NÝRRAR BJÖRGUNARMIÐSTÖÐVAR Í ÖRÆFUM

Til: Íbúaráð í Öræfum

Frá: Sveitarfélaginu Hornafirði

Dagsetning: 10. október 2025

Efni: Uppbygging björgunarmiðstöðvar í Öræfum

Frá: Bæjarstjóra

Tilfni og tilgangur

Með þessu minnisblaði er kynnt framtíðarsýn sveitarfélagsins um uppbyggingu nýrrar samhfðar björgunarmiðstöðvar í Öræfum, staðsetta við flugvöllinn í Skaftafelli. Verkefnið er brýnt enda rík þörf á að stórbæta öryggis og viðbragðsgetu í dreifbýli Hornafjarðar ekki síst í Öræfum og Suðursveit.

Markmið verkefnisins

- Tryggja öryggi íbúa og gesta** með aukinni viðbragðsgetu og betra aðgengi að heilbrigðis-sjúkra- og neyðarþjónustu allt árið um kring sem og aðstöðu fyrir löggæslu
- Sameina lykilaðila í einni nútímalegri byggingu** á góðum stað við þjóðveg og flugvöll
- Styrkja innviði og mannvirki** á svæði þar sem núverandi aðstaða er mjög takmörkuð
- Nýta svæðið tengt flugvöllinum í Skaftafelli** sem framtíðarviðbragðsstöð fyrir sjúkraflug sem og aðra þjónustu

Hugmyndir að starfsemi og aðstöðu í miðstöðinni

- Björgunarsveitin Kári**
- Slökkvilið Hornafjarðar** (starfsmannaaðstaða og tækjakostur)
- Heilbrigðisviðbragð / HSU** (viðvera sjúkraflutningamanna og heilbrigðisstarfsfólks)
- Lögregla** (tímabundin eða sveigjanleg viðvera)
- Samráðsaðstaða** fyrir almannavarnir og viðbragðsaðila
- Vegagerðin** með aðstöðu fyrir betri vetrarþjónustu

Staða málsins

- SASS** (Samband sunnlenskra sveitarfélaga) hefur samþykkt að leggja verkefninu faglegan stuðning við undirbúning og þarfagreiningu. Eva BJ verkefnastjóri hjá Nýheimum – sem jafnframt er Öræfingur – mun vinna með okkur að fyrstu skrefum.
- Verkefnið hefur verið kynnt öllum þingmönnum Suðurlands**, sem tóku vel í áformin.
- Við teljum að verkefnið falli vel að nýlegum áformum stjórnvalda um aukið fjármagn til öryggis- og varnarmála.
 - Ísland hefur skuldbundið sig til að verja **1,5% af vergri landsframleiðslu** til öryggis- og varnarmála fyrir árið 2035.
 - Þetta skapar tækifæri til að skoða hvort verkefnið geti notið stuðnings sem **hluti af uppbyggingu innviða tengdra öryggi og viðbragði**, sérstaklega á jaðarsvæðum landsins.
- Málið þarf líka að ræða í samhengi við breiðari framtíðarsýn sveitarfélagsins um öryggis- og samgönguinnviði í Öræfum.

Forsendur verkefnisins

- Ferðamönnum á svæðinu fjölgar og álag á viðbragðskerfi og heilbrigðisþjónustu er gríðarlegt
- Langar vegalengdir til næstu þjónustu (Höfn eða Kirkjubæjarklausturs) gera það að verkum að tíminn til fyrstu viðbragða getur orðið mjög langur
- Flugvöllurinn í Skaftafelli hefur verið skoðaður sem mögulegur viðbragðsvettvangur fyrir sjúkraflug ef lagt verður bundið slitlag
- Mikill samhljómur hefur verið meðal hagsmunaaðila og stofnana um að bæta viðbragðsaðstöðu á svæðinu, m.a. á málþingi sveitarfélaganna í Skaftafellssýslum í apríl 2024

Næstu skref

- Unnið verður áfram að þarfagreiningu í samstarfi við SASS og lykilaðila (HSU, björgunarsveit, lögreglu, slökkvilið o.fl.)
- Kortleggja þarf mögulega fjármögnunarleiðir – bæði úr hefðbundnum öryggissjóðum og mögulega í tengslum við aukin varnarútgjöld ríkisins
- Undirbúningur að frumhönnun og kostnaðaráætlun
- Formleg kynning fyrir ráðuneyti og stofnanir þegar þarfagreiningu lýkur

Lokaorð

Verkefnið um uppbyggingu björgunarmiðstöðvar í Öræfum er **tímabært, raunhæft og mikilvægt** skref í átt að auknu öryggi íbúa og ferðamanna á svæðinu. Það byggir á breiðri samstöðu og skýrum þörfum og getur orðið fyrirmynd að uppbyggingu sambærilegra miðstöðva á öðrum mikilvægum jaðarsvæðum landsins.

Sigurjón Andrésson
bæjarstjóri

